

samgönguráðherra f. h. ríkissjóðs ákveðst samanlagt kr. 692.028.

Málkostnaður fyrir stjórn LMFÍ fellur niður.

Mánudaginn 9. janúar 1978.

Nr. 166/1977. **Marta Jónsdóttir**
 gegn
Birki Skúlasyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Marta Jónsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Birki Skúlasyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 8.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. janúar 1978.

Nr. 7/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Óskari Rúnari Samúelssyni.

Kærumál. Úrskurður um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Armann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Guðmundur Sigurjónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, er barst Hæstarétti 9. s. m. Í greinargerð verjanda hans er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að ríkissjóði verði dæmt að greiða málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja. Greinargerð hefur eigi borist frá ríkissaksóknara.

Samkvæmt gögnum máls handtók lögreglan á Ísafirði varnaraðilja skömmu eftir kl. 0100 að nóttu 30. desember 1977, og var hann þá talinn ofurölvi. Var varnaraðili fluttur í fangageymslu. Fyrir dómi gekkst varnaraðili við því að hafa lagt eld í dýnu í fangaklefanum. Er afleiðingum þessa lýst í hinum kærða úrskurði. Samkvæmt skýrslu lögreglumanns tók hann eftir því, að reykt lagði frá klefa þeim, er varnaraðili var í, og kom honum til bjargar. Var varnaraðili fluttur á sjúkrahús, en hvarf þaðan eftir skamma hrið. Varnaraðili gekkst við því fyrir dómi að hafa síðar um nóttina kastað steini í rúðu lögreglubifreiðar og brotið hana. Nokkru síðar var varnaraðili handtekinn, og síðar sama dag kom hann fyrir dóm og gaf skýrslu þá, er hér hefur verið reifuð að nokkru. Stuttu eftir að yfirheyrslu lauk, gekk úrskurður sá, sem kærður er.

Rannsóknarnauðsynjar bera eigi til þess að hneppa varnaraðilja í gæsluvarðhald, og brot hans og háttsemi þykir eigi vera þess eðlis, að ástæða sé að öðru leyti til að beita gæsluvarðhaldi. Eigi þykir heldur efni til að mæla fyrir um geðheilbrigðisrannsókn á varnaraðilja, eins og mál þetta liggur fyrir.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja, 15.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Í hinum kærða úrskurði er það eigi greint, við hvaða refsiskvæði sé líklegt, að brot varnaraðilja varði, en slíkt er nauðsynlegt, er meta skal lagaforsendur fyrir gæsluvarðhaldi, sbr. 65. gr. stjórnarskrár og 1. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur, greiddast úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Ísafjarðar 30. desember 1977.

Við rannsókn í sakadómi Ísafjarðar hefur Óskar Rúnar Samúelsson, Tangagötu 15 A, Ísafirði, viðurkennt að hafa kveikt eld í rúmdýnu í fangaklefa í fangahúsi lögreglunnar á Ísafirði eftir að hafa fyrst lagt dýnuna á dyr fangaklefans, þannig að illmögulegt var að opna hurð klefans. Afleiðing þessa verknaðar varð sú, að loga tók í hurð, veggjum og gólfi fangaklefans og í lofti fangagangs.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er ástæða til að ætla, að Óskar hafi gerst sekur um refsiverðan verknað. Þykir því fullnægt skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald.

Með heimild í 67. gr. laga nr. 74/1974, einkum 4., 5. og 6. tölulið, þykir því nauðsyn bera til að úrskurða Óskar Rúnar Samúelsson, Tangagötu 15 A, í gæsluvarðhald allt að 45 dögum.

Samkvæmt eðli og umfangi málsins þykir rétt að gera Óskari Rúnari skylt að gangast undir geðrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldi stendur.

Úrskurðarorð:

Óskar Rúnar Samúelsson, Tangagötu 15 A, Ísafirði, skal sæta gæsluvarðhaldi allt að 45 dögum. Á þeim tíma er honum skylt að gangast undir geðrannsókn.
